

## REGLUGERÐ

### um umferðaröryggisgjald.

#### 1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 100 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

#### 2. gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

#### 3. gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 115 30. desember 1992, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 491 30. desember 1992.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.

9. janúar 1995

Nr. 7

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglum um framkvæmd almennrar skoðunar, nr. 560 31. desember 1993.

#### 1. gr.

Í stað „almennri skoðun“ í 1. mgr. 1. gr. komi: aðalskoðun.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.